


Góðir starfshættir lækna



Embætti
landlæknis
Directorate of Health





Embætti
landlæknis
Directorate of Health

Góðir Starfshættir lækna

Staðfærð þýðing á
Good Medical Practice
Útg. General Medical Council 2014

Útgefandi:
Embætti landlæknis

2. útgáfa.
Reykjavík 2017

Ábyrgðarmaður:
Birgir Jakobsson landlæknir

ISBN 978-9935-9373-0-8



Efnisyfirlit

Formáli	5
Inngangur að fyrstu útgáfu	6
Skyldur lækna	7
Fagmennska í verki	8
1. Þekking, hæfni og frammistaða í starfi	9
Próíð og viðhaldið faglegri frammistöðu og færni	9
Beitið þekkingu ykkar og reynslu í læknisstarfinu	9
Greinileg, nákvæm og læsileg skráning	11
2. Öryggi og gæði	12
Að bæta og fara eftir kerfum sem stuðla að öryggi sjúklinga	12
Að bregðast við ógnum við öryggi	12
Vernd sjúklinga og samstarfsfólks vegna heilsufars læknis	14
3. Samskipti, samvinna og teymisvinna	15
Góð og skilvirk samskipti	15
Samvinna við samstarfsfólk til að bæta meðferð og þjónustu við sjúklinga	15
Kennsla, þjálfun, stuðningur og mat	15
Samfella og samræmi í lækniþjónustu	16
Að koma á og viðhalda samstarfi við sjúklinga	17
4. Að varðveita traust	19
Virðing fyrir sjúklingum	19
Sanngirni og jafnræði í framkomu við sjúklinga og samstarfsfólk	19
Heiðarleiki og heilindi	21
Að miðla upplýsingum	21
Hreinskiptni og réttarhöld eða yfirheyrslur um kvörtunarmál	22
Heiðarleiki í fjármálum	22

Formáli

Árið 2005 gaf Embætti landlæknis út bækling sem bar heitið *Góðir starfshættir lækna*. Þessar leiðbeiningar, sem æ síðan hafa verið aðgengilegar á vef embættisins, voru einnig gefnar út á prenti árið 2006. Þær voru að verulegu leyti byggðar á sambærilegum leiðbeiningum (*Good Medical Practice*) frá General Medical Council í Bretlandi. Mið var þá einnig tekið m.a. af siðareglum lækna (*Codex Ethicus*) og þáverandi íslenskri löggjöf. General Medical Council uppfærði leiðbeiningar sínar 2014, siðareglur lækna voru uppfærðar 2013 og íslensk löggjöf hefur breyst með lögum um landlækni og lýðheilsu frá 2007. Það er því að mati landlæknis full ástæða til þess að aðlaga leiðbeiningarnar, *Góðir starfshættir lækna*, að þessum breytingum.

Þess ber einnig að geta að lyflæknissvið Landspítalans hefur hafið náið samstarf við Royal College of Physicians (RCP) í Englandi um framhaldsmenntun lækna hér á landi. Ef vel tekst til koma fleiri sérgreinar að tengjast þessu samstarfi í framtíðinni. Skilyrði fyrir þessu samstarfi af hálfu RCP er að framhaldsnám lækna hér á landi uppfylli sömu kröfur og gerðar eru í Englandi. Með hliðsjón af þessu hefur Embætti landlæknis valið þá leið að byggja einvörðungu á leiðbeiningum General Medical Council, *Good Medical Practice*, en aðlaga þær að íslenskum aðstæðum þar sem það á við.

Í lögum um landlækni og lýðheilsu nr. 41/2007 segir í 5. gr., annarri málsgrein: „Landlæknir getur gefið út faglegar leiðbeiningar til heilbrigðisstarfsmanna, ... þar á meðal leiðbeiningar sem miða að nálgun og lausn vandamála í samræmi við bestu þekkingu á hverjum tíma. Leiðbeiningarnar skulu kynntar heilbrigðisstarfsmönnum ... og vera aðgengilegar almenningi.“

Leiðbeiningar þessar, *Góðir starfshættir lækna*, ber að skoða í þessu ljósi. Þeim er að sjálfsögðu ekki ætlað að koma í staðinn fyrir *Codex Ethicus*, þær ganga í sömu átt en eru töluvert ítarlegri. Læknum ber að gera sitt ítrasta til þess að fylgja þessum leiðbeiningum og vera meðvitaðir um það að alvarlegur og ítrekaður misbrestur á að svo sé gert getur leitt til ihlutunar og jafnvel viðurlaga af hálfu Embættis landlæknis.

Birgir Jakobsson
landlæknir

Inngangur að fyrstu útgáfu

Einn af hornsteinum starfs lækna snýr að samskiptum við sjúklinga. Öllu máli skiptir að þar ríki traust og læknar leggi sitt af mörkum til að það traust haldist. Það er best gert með því að leggja rækt við það tvennt sem gerir menn að góðum læknum, annars vegar að búa yfir og viðhalda traustri þekkingu og þjálfun sem byggist á vísindalegum grunni læknisfræðinnar og hins vegar að tryggja að samskiptin við sjúklinga séu byggð á gagnkvæmri virðingu og jafnræði, læknirinn geti sýnt sjúklingnum samhygd og leitt honum það fyrir sjónir að læknum sé ekki sama um hann. Á þessu byggir fagmennska í læknisfræði, sem er grundvöllur að tengslum læknávisinda við samfélagið. Þar eru hagsmunir sjúklinga settir ofar hagsmunum læknisins og gert ráð fyrir að læknar setji sér staðla um hæfni og heiðarleika og leitist við að veita samfélaginu og samborgurum sínum óvilhalla ráðgjöf um heilbrigðismál.

Af þessum ástæðum hafa víða komið fram leiðbeiningar um góða starfsháttu lækna. Að teknu tilliti til ýmissa ábendinga sem Landlæknisembættinu hafa borist á undanförunum árum frá læknum, öðru heilbrigðisstarfsfólki og almennungi um hnökra í samskiptum lækna við sjúklinga sína þykir Landlæknisembættinu rétt að leggja fram slíkar leiðbeiningar. Þær taka að talsverðu leyti mið af leiðbeiningum um góða starfshætti lækna (*Good Medical Practice*) frá General Medical Council í Bretlandi sem gefnar voru út árið 2001. Þær taka einnig mið af þeim lögum og leiðbeiningum sem nú þegar eru til hér á landi, þ. á m. lögum um heilbrigðisþjónustu nr. 97/1990, lögum um réttindi sjúklinga nr. 74/1997, læknalögum nr. 53/1988, lögum um almannatryggingar nr. 117/1993, siðareglum lækna (*Codex Ethicus*) og loks sáttmála lækna (*Physicians' Charter*), sem var afrakstur verkefnisins Fagmennska í læknisfræði (*The Medical Professionalism Project*) og unnið af samtökum lyflækna í Bandaríkjunum og Evrópu.

Í þessum leiðbeiningum er fjallað um skyldur og ábyrgð lækna, lýst grundvallarreglum um góða starfshætti og kröfum um lækniskunnáttu, þjónustu og framkomu sem læknar verða að geta uppfyllt á öllum sviðum í starfi sínum. Í samræmi við lög getur alvarlegur eða ítrekaður misbrestur læknis á að uppfylla þær kröfur sem lýst er stefnt lækningaleyfi hans í hættu.

Sigurður Guðmundsson
landlæknir

Skyldur lækna

Sjúklingar verða að geta treyst læknum fyrir lífi sínu og heilsu. Til þess að standa undir því trausti er læknum skylt að bera virðingu fyrir manns-lífum og tryggja að starfshættir þeirra standist þær kröfur sem gerðar eru til þeirra á fjórum neðangreindum sviðum. Í því felst að:

Þekking, hæfni og frammistaða í starfi

- Hafa þjónustu við sjúklinga í fyrirrúmi.
- Viðhafa góða starfshætti og veita góða lækniþjónustu.
 - Viðhalda faglegri þekkingu og hæfni.
 - Gera sér grein fyrir takmörkum læknskunnáttu sinnar og starfa samkvæmt því.

Öryggi og gæði

- Grípa þegar í stað í taumana ef hætta er á að öryggi, mannhelgi eða vellíðan sjúklings sé ógnað.
- Vernda og efla heilsu sjúklinga og almennings.

Samskipti, samvinna og teymisvinna

- Virða einkalíf og mannhelgi sjúklinga.
 - Koma fram við sjúklinga af kurteisi og tillitssemi.
 - Virða rétt sjúklinga til trúnaðar.
- Vinna með sjúklingum
 - Hlusta á hvað veldur þeim áhyggjum, hvaða meðferð þeir kjósa og bregðast við í samræmi við það
 - Láta sjúklingum á skiljanlegan hátt í té þær upplýsingar sem þeir óska eftir og þarfnast.
 - Virða rétt sjúklinga til þess að taka ákvarðanir um eigin meðferð í samráði við lækni sinn.
 - Styðja sjúklinga í því að sjá um sig sjálfir í því skyni að bæta og viðhalda heilsu sinni.
- Starfa með öðrum læknum á þann hátt sem þjónar hagsmunum sjúklinga best.

Að varðveita traust

- Vera heiðarleg/ur og opinská/r og koma fram af heilindum.
- Mismuna aldrei sjúklingum sínum eða öðrum læknum.
- Misnota aldrei traust sjúklings til læknis síns né traust almennings til lækna-stéttarinnar.

Læknar bera sjálfir ábyrgð á faglegu starfi sínu og verða ævinlega að vera reiðubúnir til að rökstyðja ákvarðanir sínar og gerðir.

Fagmennska í verki

- 1 Sjúklingar þurfa á góðum læknum að halda. Góðir læknar setja þjónustu við sjúklinga sína í öndvegi: þeir viðhalda þekkingu sinni og hæfni í starfi, temja sér góð samskipti við sjúklinga og samstarfsfólk, eru heiðarlegir og traustir, starfa af heilindum og í samræmi við lög.
- 2 Góðir læknar vinna með sjúklingum sínum, virða rétt þeirra til einkalífs og mannhelgi og koma fram við þá í samræmi við sérþarfir hvers og eins. Þeir leggja sig alla fram um að tryggja sjúklingum sínum góða þjónustu og meðferð sem styður þá í því að lifa við eins góða heilsu og kostur er, sama hvaða sjúkdómi eða fötlun þeir eru haldnir.
- 3 Bæklingurinn Góðir starfshættir lækna lýsir því til hvers er ætlast af öllum læknum með skráð lækningaleyfi á Íslandi. Það er á ábyrgð sérhvers læknis að þekkja efni bæklingans Góðir starfshættir lækna og fylgja leiðbeiningunum sem í honum felast.
- 4 Læknar skulu nota eigin dómgreind til að beita leiðbeiningum þessum við þær margvíslegu aðstæður sem þeir standa frammi fyrir, hvort sem þeir hafa gilt lækningaleyfi eða ekki, í hvaða sérgrein sem þeir starfa og hvort sem þeir hitta sjúklinga reglulega eða ekki. Læknar verða að vera reiðubúnir til þess að útskýra og réttlæta ákvarðanir sínar og gerðir.
- 5 Í bæklingi þessum eru orðin „læknar verða“ eða „læknum ber skylda til“ og „læknar ættu“ notuð á eftirfarandi hátt.
 - „Læknar verða“ eða „lækni/læknum ber skylda til“ er notað um höfuðskyldu eða meginreglu.
 - „Læknar ættu“ er notað þegar gefin er skýring á því hvernig læknir uppfyllir höfuðskyldu sína.
 - „Læknar ættu“ er einnig notað þegar höfuðskyldan eða meginreglan á ekki við í öllum tilvikum eða þegar þættir sem læknar ráða ekki við hafa áhrif á það hvort eða hvernig þeir geta fylgt leiðbeiningunum.
- 6 Til þess að viðhalda lækningaleyfi sínu verða læknar að sýna fram á að þeir starfi í samræmi við þær meginreglur og gildi sem lýst er í þessum leiðbeiningum. Verði alvarlegur og ítrekaður misbrestur á því að fylgja þessum leiðbeiningum geta læknar átt á hættu að missa lækningaleyfi sitt.

I. Þekking, hæfni og frammistaða í starfi

Þróið og viðhaldið faglegri frammistöðu og færni

- 7 Læknar verða að hafa vald á öllum þáttum læknisstarfsins, þar á meðal stjórnun, rannsóknum og kennslu.
- 8 Læknar verða að viðhalda faglegri þekkingu og hæfni í starfi.
- 9 Læknar verða að taka reglulega þátt í starfi sem viðheldur og eykur lækniskunnáttu þeirra og frammistöðu í starfi.
- 10 Læknar ættu að vera fúsir til að leita uppi og taka þátt í skipulögðu stuðningsstarfi sem vinnuveitandi eða verkkaupi þeirra býður þeim upp á (til dæmis leiðbeinanda). Læknar ættu að gera þetta þegar þeir taka við starfi á nýrri stofnun eða hvenær á starfsferlinum sem störf þeirra taka verulegum breytingum.
- 11 Læknar verða að þekkja til leiðbeininga og breytinga/framfara sem hafa áhrif á starf þeirra.
- 12 Læknar verða að fylgjast með og fara eftir lögum, leiðbeiningum þessum og reglugerðum sem máli skipta fyrir starf þeirra.
- 13 Læknar verða að vinna markvisst að því að fylgjast með gæðum vinnu sinnar og bæta þau.

Beitið þekkingu ykkar og reynslu í læknisstarfinu

- 14 Læknar verða að gera sér grein fyrir takmörkum sérþekkingar sinnar og starfa innan þeirra marka.
- 14.1 Læknar verða að hafa nauðsynlega kunnáttu í íslensku til þess að halda uppi góðum starfsháttum og geta veitt góða læknisþjónustu á Íslandi.
- 15 Læknar verða að uppfylla kröfur um góða starfshætti og læknisþjónustu. Ef læknir leggur mat á sjúklinga, sjúkdómsgreinar þá og meðhöndlar verður hann að:

- a Leggja fullnægjandi mat á ástand sjúklingsins og taka til greina sögu hans (þ.á m. sjúkdómseinkenni og sálræna, trúarlega, félagslega og menningarlega þætti), skoðanir hans og gildismat og, þegar nauðsyn krefur, skoða sjúklinginn.
- b Veita sjúklingi umsvifalaust tilhlýðilega ráðgjöf, rannsóknir eða meðferð þegar nauðsyn ber til eða sjá svo um að hann fái þá þjónustu.
- c Vísja sjúklingi til annars læknis þegar það þjónar þörfum sjúklingsins.

16 Læknisþjónusta felur í sér að lækni verður að:

- a Vísja því aðeins á lyf eða veita meðferð, þar á meðal endurnýja lyfjaávisanir, að hann þekki nægilega vel til heilsufars sjúklingsins og sé viss um að lyfin eða meðferðin þjóni þörfum hans.
- b Veita árangursríka meðferð sem byggist á bestu gagnreyndu læknisfræði sem völ er á.
- c Gera allar hugsanlegar ráðstafanir til að lina þjáningu og kvalir, hvort sem lækning er möguleg eða ekki.
- d Ráðfæra sig við aðra lækna og samstarfsmenn þegar það á við.
- e Virða rétt sjúklings til þess að leita álits annarra lækna.
- f Ganga úr skugga um að læknisþjónustan eða meðferðin sem sérhverjum sjúklingi er veitt samræmist annarri meðferð sem hann fær, þar á meðal (þegar þess er kostur) sjálfsmeðferð með lyfjum sem ekki eru lyfseðilsskyld.
- g Fordást að veita sjálfum sér meðferð eða nokkrum þeim sem er lækni nákominn, sé þess nokkur kostur.

17 Hafa fullvissað sig um að samþykki liggi fyrir eða önnur gild heimild áður en nokkur skoðun eða rannsókn fer fram, meðferð eða þátttaka sjúklings eða sjálfboðaliða í kennslu eða rannsóknarstarfi.

18 Nýta vel allt fjármagn og bjargir sem standa til boða.

Greinileg, nákvæm og læsileg skráning

- 19** Skjöl (þar á meðal sjúkraskrár) sem læknar skrifa til að skrá störf sín formlega verða að vera greinileg, nákvæm og læsileg. Læknar ættu að skrá verk sín um leið og atburðirnir gerast eða eins fljótt og auðið er.
- 20** Læknar verða að varðveita skrár sem hafa að geyma persónulegar upplýsingar um sjúklinga, samstarfsfólk og aðra á öruggan hátt og í samræmi við allar kröfur um gagnavernd.
- 21** Sjúkraskrár ættu að innihalda eftirfarandi:
- a** Klínískar niðurstöður sem varða sjúklinginn.
 - b** Ákvarðanir og samþykkt áform um meðferð, hver tekur ákvarðanirnar og samþykkir áformin.
 - c** Upplýsingar sem sjúklingi eru gefnar.
 - d** Öll ávísuð lyf, rannsóknir eða meðferð.
 - e** Hver skráir gögn í sjúkraskrána og hvenær.

2. Öryggi og gæði

Að bæta og fara eftir kerfum sem stuðla að öryggi sjúklinga

- 22** Læknar verða að taka þátt í gæðastarfi sem ætlað er að tryggja og auka gæði í því skyni að efla öryggi sjúklinga. Þetta felur í sér:
- a** Að taka þátt í reglulegum úttektum á eigin störfum og störfum samstarfsfólks, bregðast við niðurstöðunum á jákvæðan hátt, gera ráðstafanir til að leysa hver þau vandamál sem upp koma og afla frekari þjálfunar þar sem þörf krefur.
 - b** Að leiða hugann reglulega að því hvernig kröfur um góða starfshætti og læknisþjónustu eru uppfylltar.
 - c** Yfirfara endurgjöf frá sjúklingum sé hún er fyrir hendi.
- 23** Til þess að tryggja öryggi sjúklinga verða læknar að:
- a** Leggja sitt af mörkum til að rannsaka í trúnaði mál innan heilbrigðiskerfisins.
 - b** Leggja sitt af mörkum til að viðurkenna óvænt atvik.
 - c** Tilkynna um óvænt atvik er varða lækningatæki sem stefna eða gætu mögulega stefnt sjúklingi eða öðrum einstaklingi í hættu.
 - d** Tilkynna ef grunur kemur upp um óæskileg áhrif lyfja.
 - e** Bregðast við beiðnum frá eftirlitsstofnunum.

Þegar upplýsingar eru veittar í ofangreindum tilgangi ættu læknar eftir sem áður að virða trúnað við sjúklinga.

Að bregðast við ógnum við öryggi

- 24** Læknar verða að stuðla að og hvetja til þess að vinnustaðabragur sé með þeim hætti að öllum starfsmönnum sé gert mögulegt að vekja máls á áhyggjum sínum opinskátt og án áhættu.

- 25** Læknar verða að bregðast við þegar í stað ef þeir telja að öryggi sjúklings, mannhelgi hans eða vellíðan sé eða kunni að vera stefnt í alvarlega hættu.
- a** Ef sjúklingur fær ekki þá grunnlæknisþjónustu sem hann þarfnast verður læknir strax láta einhvern vita sem er í stöðu til að bregðast við þegar í stað.
 - b** Ef hættu steðjar að sjúklingum vegna ófullnægjandi húsakynna eða tækja, vinnubragða eða kerfa verða læknar að koma málum í viðunandi horf sé þess nokkur kostur. Læknar verða að vekja máls á áhyggjum sínum í þessum efnum í samræmi við þessar leiðbeiningar og vinnureglur viðkomandi stofnunar. Einnig ættu þeir að skrá þær ráðstafanir sem þeir hafa gripið til.
 - c** Hafi læknir áhyggjur af því að annar læknir kunni að vera óhæfur til að gegna starfi sínu og stefni sjúklingum sínum í hættu, verður hann að leita ráða hjá öðrum samstarfslækni, hjá Læknafélagi Íslands eða Embætti landlæknis. Hafi læknir eftir sem áður áhyggjur af þessu verður hann að tilkynna það eins og leiðbeiningar þessar gera ráð fyrir og er í samræmi við stefnu vinnustaðarins. Einnig skal hann skrá þær ráðstafanir sem hann hefur gripið til.
- 26** Læknar verða að bjóða fram aðstoð sína ef bráðatilvik koma upp á spítala eða starfsstofu eða í samfélaginu, að teknu tilliti til eigin öryggis, lækniskunnáttu og hvaða aðrir kostir til að veita læknisþjónustu eru fyrir hendi.
- 27** Læknir ætti að huga að þörfum og velferð fullorðinna sjúklinga, barna og ungmenna sem eiga undir högg að sækja*, hvort sem þau eru í sjúklingahópi hans eða ekki, og bjóða þeim aðstoð telji hann að brotið hafi verið á rétti þeirra eða þeim verið meinað um rétt sinn á einhvern hátt.

Vernd sjúklinga og samstarfsfólks vegna heilsufars læknis

- 28** Ef læknir telur eða grunar að hann sé haldinn alvarlegum sjúkdómi sem gæti smitað sjúklinga hans eða að dómgreind hans eða frammi-staða sé skert af völdum sjúkdóms eða meðferðar hans, verður hann að leita til annars læknis með viðeigandi menntun. Læknirinn verður þá að fara að ráðum hins síðarnefnda um hverjar þær breyt-ingar sem sá læknir telur hann þurfa að gera á læknisstarfsemi sinni. Læknir má ekki treysta eigin mati á þeirri hættu sem slíkt gæti skapað sjúklingum.
- 29** Læknar ættu að vera bólusettir gegn algengum, alvarlegum smitsjúkdómum (nema ábending mæli gegn því).
- 30** Læknar ættu að vera skráðir hjá heilsugæslulækni utan eigin fjölskyldu.

* Sumir sjúklingar eru að líkindum viðkvæmari en aðrir vegna veikinda, fötlunar eða annars veikleika eða vegna núverandi kringumstæðna, svo sem ástvinamissis eða uppsagnar úr starfi. Læknar ættu að koma fram við börn og ungmenni undir 18 ára aldri eins og þá sem eiga undir högg að sækja. Slíkar aðstæður geta verið tímabundnar eða varanlegar.

3. Samskipti, samvinna og teymisvinna

Góð og skilvirk samskipti

- 31 Læknar verða að hlusta á sjúklinga, taka tillit til skoðana þeirra og svara spurningum þeirra af hreinskilni.
- 32 Læknar verða að veita sjúklingum sínum þær upplýsingar sem þeir óska eftir og þurfa að vita um á þann hátt að þeir geti skilið þær. Læknar ættu að tryggja að gerðar séu ráðstafanir, alls staðar þar sem þess er kostur, til að uppfylla þarfir sjúklinga varðandi tungumál og tjáskipti.
- 33 Læknar verða að sýna þeim sem standa sjúklingi næst tillitssemi og vera nærgætnir og bregðast vel við þegar aðstandendum eru veittar upplýsingar og stuðningur.
- 34 Þegar læknir er við störf verða sjúklingar hans og samstarfsfólk að hafa greiðan aðgang að honum til að fá upplýsingar, ráðgjöf og stuðning.

Samvinna við samstarfsfólk til að bæta meðferð og þjónustu við sjúklinga

- 35 Læknar verða að vinna með öðrum læknum og samstarfsfólki og virða kunnáttu þeirra og framlag.
- 36 Læknar verða að koma fram við samstarfsfólk sitt af sanngirni og virðingu.
- 37 Læknar verða að gera sér grein fyrir því að framkoma þeirra getur haft áhrif á aðra í samstarfsteyminu og utan þess.
- 38 Öryggi sjúklinga getur verið í húfi ef viðeigandi lækniþjónusta er ekki fyrir hendi. Af þeirri ástæðu verða læknar að gegna stöðu sem þeir hafa formlega ráðið sig í og starfa út samningsbundinn uppsagnarfrest áður en þeir láta af störfum, nema því aðeins að vinnuveitandinn hafi viðunandi tíma til þess að gera aðrar ráðstafanir.

Kennsla, þjálfun, stuðningur og mat

- 39 Læknar ættu að vera reiðubúnir til að leggja sitt af mörkum til að sinna kennslu og þjálfun lækna og læknanema.

- 40** Læknar verða að ganga úr skugga um að allt starfsfólk undir stjórn þeirra fái viðeigandi stuðning.
- 41** Læknar verða að vera heiðarlegir og hlutlægir í meðmælum sínum, mati og umsögnum um samstarfslækna, þar á meðal afleysingalækna og læknanema. Í meðmælum verða að koma fram allar upplýsingar sem varða starfshæfni, frammistöðu og framkomu viðkomandi læknis.
- 42** Læknar ættu að vera reiðubúnir til þess að taka að sér hlutverk leiðbeinanda fyrir lækna með minni starfsreynslu og annað heilbrigðisstarfsfólk.
- 43** Læknar verða að styðja við bakið á samstarfslæknum sem eiga í vanda vegna frammistöðu sinnar eða heilsufars. Hins vegar verða læknar ævinlega að setja öryggi sjúklinga í fyrsta sæti.

Samfella og samræmi í lækniþjónustu

- 44** Læknar verða að sjá svo um að sjúklingar flytjist milli heilbrigðisstarfsfólks og starfsfólks í félagsþjónustu á öruggan hátt. Í þessu felst að lækni verður að:
- a** Deila öllum upplýsingum sem málið varðar með samstarfslæknum sem taka þátt í að annast sjúklinga hans, jafnt innan sem utan samstarfs-teymis. Þetta á einnig við þegar lækni felur öðrum meðferð eða þjónustu við sjúklinga í lok vinnutíma og þegar lækni felur öðrum heilbrigðisstarfsmanni eða starfsmanni í félagsþjónustu að veita sjúklingi þjónustu eða vísar sjúklingi til þeirra.
 - b** Gangi úr skugga um, þar sem því verður við komið, að nafngreindur lækni eða teymi hafi tekið yfir ábyrgðina þegar hlutverki hans sjálfs í þjónustu við sjúklinginn er lokið. Þetta getur reynst einkar mikilvægt fyrir sjúklinga sem hafa skerta getu eða eiga undir högg að sækja af öðrum ástæðum.
- 45** Þegar lækni veitir sjúklingi sínum ekki lækniþjónustu sjálfur, t.d. þegar hann er ekki í vinnu eða hann hefur falið samstarfslækni sínum að veita þjónustuna, verður hann að vera viss um að sá/sú sem tekur við henni hafi viðeigandi menntun, færni og reynslu til þess að veita sjúklingnum örugga þjónustu.

Að koma á og viðhalda samstarfi við sjúklinga

- 46** Læknar verða að sýna sjúklingum kurteisi og tillitssemi.
- 47** Læknar verða að koma fram við sjúklinga í samræmi við sérþarfir hvers og eins og virða mannhelgi þeirra og einkalíf.
- 48** Læknar verða að koma fram við sjúklinga af sanngirni og virðingu, óháð lífsstíl þeirra og trúarskoðunum.
- 49** Læknar verða að vinna í samstarfi við sjúklinga og láta þeim í té þær upplýsingar sem þeir þarfnast til þess að geta tekið ákvarðanir um þá þjónustu og meðferð sem þeir fá, þar á meðal um:
- a** Veikindi sín, sennilega framvindu og meðferðarkosti, þ.á m. þá áhættu sem meðferðinni fylgir og óvissuþætti.
 - b** Gang meðferðarinnar og hlutverk læknisins og ábyrgð í teyminu.
 - c** Hver er ábyrgur fyrir einstökum þáttum í læknisþjónustunni og hvernig upplýsingum er komið áleiðis innan teyma og meðal þeirra sem munu veita sjúklingunum þjónustu.
 - d** Sérhverjar aðrar upplýsingar sem sjúklingar þarfnast ef þeir eru beðnir um samþykki til að taka þátt í kennslu eða rannsóknum.
- 50** Læknar verða að fara með upplýsingar er varða sjúklinga þeirra sem trúnaðarmál. Þetta á einnig við eftir andlát sjúklings.
- 51** Læknar verða að styðja sjúklinga í því að sjá um sig sjálfir til þess að gefa þeim kraft til þess að bæta heilsu sína og halda henni við. Þetta getur til dæmis falist í því að:
- a** Veita sjúklingum ráðgjöf um þau áhrif sem val þeirra í lífinu og lífsstíll hafa á heilsu þeirra og vellíðan.
 - b** Styðja sjúklinga í að gera breytingar á lífsstíl sínum þar sem það á við.
- 52** Læknar verða að útskýra fyrir sjúklingum sínum, séu þeir mótfallnir því að veita tiltekna meðferð af samviskuástæðum. Þeir verða að greina sjúklingum sínum frá rétti þeirra til að leita álits annarra lækna og fullvissa sig um að þeir hafi fengið nægilegar upplýsingar til

Þess að nýta sér þann rétt. Þegar sjúklingi eru gefnar upplýsingar um þetta má lækni ekki gefa til kynna eða tjá vanþóknun sína á lífsstíl sjúklingsins, vali hans eða trúarskoðunum. Ef ekki er raunhæft að sjúklingurinn komi því í kring sjálfur að hitta annan lækni, verður lækni hans að tryggja að ráðstafanir séu gerðar til þess að annar lækni með viðeigandi menntun taki við hlutverki hans.

4. Að varðveita traust

Virðing fyrir sjúklingum

- 53 Læknar mega ekki misnota faglega stöðu sína til þess að stofna til kynferðislegs eða óviðurkvæmilegs tilfinningasambands við sjúkling eða einhvern honum nákominn.
- 54 Læknar mega ekki tjá persónulegar skoðanir sínar við sjúklinga (þar á meðal um stjórnsmál, trúsmál eða siðferðismál) á þann hátt að nýta sér varnarleysi þeirra eða valda þeim hugsanlega álagi eða hugarangri.
- 55 Læknar verða að vera opinskáir og heiðarlegir við sjúklinga sína ef eitthvað fer úrskaiðis. Hafi sjúklingur sem læknir hefur annast orðið fyrir skaða eða þjáningu ber lækninum að:
 - a Bæta úr málum (sé þess nokkur kostur).
 - b Biðjast afsökunar.
 - c Útskýra til fullnustu og þegar í stað hvað kom fyrir og greina frá sennilegum skammtíma- og langtímaafleiðingum þess.

Sanngirni og jafnræði í framkomu við sjúklinga og samstarfsfólk

- 56 Læknar verða að láta þá sjúklinga njóta forgangs sem eru í mestri þörf fyrir þjónustu þeirra, sé það á valdi þeirra sjálfra að taka um það ákvörðun. Ef ónógar bjargir, stefna eða kerfislægir þættir koma í veg fyrir að læknir geti gert þetta og öryggi sjúklings, mannhelgi eða vellíðan eru í húfi, verður læknir að fylgja leiðbeiningum í grein 25b (sjá bls. 13).
- 57 Þær rannsóknir og meðferð sem læknir veitir eða sér um að sjúklingur fái verða að byggjast á sameiginlegu mati læknis og sjúklings á þörfum sjúklingsins og hvað skuli hafa forgang. Enn fremur skulu þær byggðar á klínísku mati læknisins á líklegum árangri þeirrar meðferðar sem stendur til boða. Ekki má neita sjúklingi um eða fresta meðferð af þeirri ástæðu að læknir telji gerðir sjúklings eða lífsstíl hafa stuðlað að veikindum hans.

- 58** Ekki má neita sjúklingi um meðferð á þeirri forsendu að ástand sjúklingsins stofni læknum sjálfum í hættu. Ef sjúklingur stefnir heilsu eða öryggi læknis í voða þer læknum að gera allar tiltækar ráðstafanir til þess að draga úr hættunni áður en hann veitir honum meðferð eða gerir aðrar viðeigandi ráðstafanir til þess að hann fái meðferð.
- 59** Læknum er óheimilt að mismuna sjúklingum sínum eða öðrum læknum með því að láta persónulegar skoðanir* hafa áhrif á fagleg samskipti eða á meðferðina sem þeir veita eða sjá um að sé veitt. Læknar ættu að gera athugasemdir við framgöngu annarra lækna sem ekki fara að leiðbeiningum þessum og fara eftir ákvæði greinar 25c (sjá bls. 13), ef framkomu þeirra má túlka sem misnotkun eða afneitun á réttindum sjúklings eða annars læknis.
- 60** Læknar verða að huga að og bregðast við þörfum fatlaðra sjúklinga og ættu að láta gera viðhlítandi breytingar_ á starfsaðstöðu sinni til þess að þeir fái notið læknisþjónustu sem uppfyllir þarfir þeirra.
- 61** Læknar verða að bregðast við kvörtunum umsvifalaust, án undanbragða og af heiðarleika, og biðjast afsökunar þegar það á við. Læknir má ekki láta kvörtun frá sjúklingi hafa áhrif á þjónustu og meðferð.
- 62** Læknir ætti ekki að slíta sambandi við sjúkling nema svo sé komið að brostið trúnaðartraust milli hans og sjúklings valdi því að læknirinn sjái sér ekki fært að veita honum góða læknisþjónustu.
- 63** Læknar verða að ganga úr skugga um að þeir séu með fullnægjandi váttryggingar eða bótatryggingu þannig að sjúklingar þeirra standi ekki höllum fæti ef þeir gera kröfur um bætur vegna læknisþjónustu sem þeir hafa fengið hér á landi.
- 64** Ef einhver sem læknir er í sambandi við vegna starfa sinna óskar eftir fullu nafni hans skv. Þjóðskrá og/eða læknanúmeri ber lækni skylda til að láta þær upplýsingar í té.

* Þetta nær til skoðana læknis á sjúklingi eða samstarfslækni vegna lífsstíls, menningarlegra þátta eða þjóðfélagslegrar eða fjárhagslegrar stöðu auk atriða sem varin eru í lögum og varða aldur, fötlun, kynskipti, kynþátt, hjúskapar-stöðu, meðgöngu og móðurhlutverk, trúarbrögð eða skoðanir, kynferði og kynhneigð.
- „Sanngjarnar breytingar“ ná ekki aðeins til breytinga á húsnæði og aðgengi. Þær geta einnig náð t.d. til sveigjanleika varðandi tímamantanir og lengd úthlutaðs tíma og ráðstafana vegna þeirra sem eiga örðugt með að tjá sig, s.s. heyrnarkertra.

Heiðarleiki og heilindi

Heiðarleiki

- 65 Framkoma lækna verður að réttlæta traust sjúklinga til þeirra og traust almennings til læknastréttarinnar.
- 66 Læknar verða ævinlega að vera heiðarlegir þegar þeir greina frá reynslu sinni í starfi, menntun og þeirri stöðu sem þeir gegna hverju sinni.
- 67 Læknar verða að koma fram af heiðarleika og heilindum þegar þeir skipuleggja eða framkvæma rannsóknir og fara eftir opinberum reglum þar að lútandi.

Að miðla upplýsingum

- 68 Læknar verða að vera heiðarlegir og trúverðugir í öllum samskiptum sínum við sjúklinga og samstarfsfólk. Þetta felur í sér að læknir verður að gera skýra grein fyrir takmörkum þekkingar sinnar og gera viðunandi athuganir til þess að sannreyna að upplýsingar sem hann veitir séu réttar.
- 69 Þegar læknar tjá sig opinberlega, þ.m.t. þegar þeir tala við eða skrifa í fjölmiðla, verða þeir að halda trúnað við sjúklinga. Læknar ættu að vera þess minnugir þegar þeir nota samfélagsmiðla að skilaboð sem ætluð eru vinum og fjölskyldu kunna að ná til stærri hóps notenda.
- 70 Þegar læknar auglýsa þjónustu sína verða þeir að gæta þess að upplýsingarnar sem birtar eru séu staðreyndir sem hægt er að sannreyna. Læknar mega heldur ekki notfæra sér í auglýsingum varnarleysi sjúklinga eða skort á læknisfræðilegri þekkingu.
- 71 Læknar verða að vera heiðarlegir og trúverðugir þegar þeir semja skýrslur, fylla út og undirrita eyðublöð, greinargerðir og önnur skjöl. Þeir verða að gæta þess að engin skjöl sem þeir skrifa eða undirrita séu ósönn eða villandi.
 - a Læknar verða að gera viðunandi ráðstafanir til að athuga hvort upplýsingarnar séu réttar.
 - b Læknar mega ekki vísitandi sleppa neinum veigamiklum upplýsingum.

Hreinskiptni og réttarhöld eða yfirheyrslur um kvörtunarmál

- 72** Læknir verður að vera heiðarlegur og trúverðugur þegar hann ber vitni fyrir dómstólum eða rannsóknarnefndum. Hann verður að ganga úr skugga um að vitnisburður hans fyrir dómi eða skjöl sem hann semur eða skrifar undir séu hvorki röng né villandi.
- a** Hann verður að gera viðunandi ráðstafanir til að athuga hvort upplýsingarnar séu réttar.
 - b** Hann má ekki vísvitandi sleppa veigamiklum upplýsingum.
- 73** Lækni ber skylda til að sýna samvinnu í formlegum rannsóknum og málsmeðferð kvartana og veita allar upplýsingar sem máli skipta en gæta jafnframt að trúnaðarskyldum sínum.
- 74** Þegar læknir gefur vitnisburð eða kemur fram sem vitni verður hann að gera skilmerkilega grein fyrir takmörkunum lækniskunnáttu sinnar og þekkingar.
- 75** Lækni ber skylda til að greina tafarlaust frá því ef hann hefur einhvers staðar í heiminum:
- a** Fengið áminningu frá lögreglu eða sætt gagnrýni í opinberri rannsókn.
 - b** Verið ákærður fyrir eða dæmdur sekur um refsivert athæfi.
 - c** Fengið úrskurð eftirlitsstofnunar annars staðar um skerðingu lækningaleyfis í kjölfar málsmeðferðar vegna hæfis í starfi.
- 76** Ef læknir hefur verið sviptur læknisstarfi tímabundið hjá stofnun eða hömlur verið lagðar á læknisstarfsemi hans ber honum að upplýsa hverja þá aðra stofnun sem hann starfar fyrir um það án tafar. Einnig ber honum að láta sjúklinga sem hann sinnir utan stofnana vita um sviptinguna.

Heiðarleiki í fjármálum

- 77** Læknar verða að koma fram af heiðarleika í fjárhagslegum og viðskipta-legum samskiptum við sjúklinga, tryggingafélög og aðrar stofnanir eða einstaklinga.

- 78** Læknar mega ekki láta neina fjárhagslega hagsmuni hafa áhrif á hvernig þeir ávísa lyfjum til sjúklinga, hvaða meðferð þeir veita eða hvort þeir vísa sjúklingum til annarra lækna eða annarrar þjónustu.
- 79** Ef læknar lenda í hagsmunaárekstrum verða þeir að vera tilbúnir til að tala opinskátt um það og lýsa eigin hagsmunum formlega yfir. Í þeim tilvikum ætti læknir einnig að vera reiðubúinn til að lýsa sig vanhæfan til ákvarðanatöku.
- 80** Læknar mega hvorki óska eftir né þiggja – frá sjúklingum, samstarfsfólki eða öðrum – hvatningu, gjafir eða boð af neinu tagi sem gætu haft áhrif á þá eða mætti túlka þannig að hefðu áhrif á hvernig þeir ávísa lyfjum til sjúklinga, hvaða meðferð sjúklingar fá eða hvort þeir vísa sjúklingum til annarra lækna eða annarrar þjónustu. Læknar mega ekki bjóða öðrum neina slíka hvatningu.



Embætti
landlæknis
Directorate of Health